







Fella- og fjallgönguverkefnið: “Upp í sveit” 2020

| Áfangastaðir | Bílastæði og gönguleið | Saga | Kort |
|--|---|--|--|
|  <p>Laugarfell við Geysir Heildarvegalegd: sirka 2 km, Byrjað í 105 m , 80 m hækkun Létt og skemmtileg ganga fyrir alla fjölskylduna (40 mín.)</p> | <p>Laugarfell er lágt fell við Geysi í Haukadal. Þar má finna áhugaverðar líparítmyndanir. Geysir er í jaðri Laugarfells og er hægt að leggja bíl við Geysissvæðið. Gengið er upp að Konungshver, eftst á Geysissvæðinu, og þaðan er gönguleið upp á fellinu. Einnig er hægt að leggja hjá tjaldsvæðinu og ganga þaðan upp.</p> | <p>Arnarhreiður var í Laugarfelli og einu sinni brá bóndinn á það ráð að binda ungana í hreiðri sínu og ekki gefa þeim frelsi nema örninn bæri í bóndann merkisgripi sem lausnargjald. Örninn kom með gersemar, fyrst ónefndan grip, þá ermi með tólf silfurhnöppum en í þriðju ferðinni kom örninn með ungt sveinbarn og þótti bónda þá nóg komið og leysti ungana. Drengurinn ólst upp hjá bónda og var nefndur Arnar-Jón.</p> |  |
|  <p>Stöðulfell Heildarvegalegd: 1,6 km Byrjað í 95 m hæð, 90 m hækkun Skemmtileg ganga en aðeins bratt upp Bröttubrekku (1 klst).</p> | <p>Beygt er við Sandlækjarholt af vegi 30 og inn Þjórsárdalsveg 32. Þegar keyrt er heim afleggjarann að Stöðulfelli er merkt bílastæði til hægri efst á afleggjaranum. Þaðan er gengið yfir tún og upp í gegnum skógarlund. Leiðin er stikuð upp á Stöðulfellið og áfram að póstkassanum. Rétt austan við póstkassan má sjá opna jarðskjálfasprungu. Frá Stöðulfelli er fallett útsýni yfir Þjórsá.</p> | <p>Þrándur mjög siglandi nam land milli Þjórsár og Laxár, upp til Kálfár og til Sandlækjar. Þrándur bjó í Þrándarholti. Leiði Þrándar er vestan í Þrándi næsta fjalli við Stöðulfell. Ekkja Þrándar er grafin í túnjaðrinum, þar sem gengið er inni skógarlundinn fyrir ofan bæinn.</p> |  |

| | | | |
|--|---|--|--|
|  | <p>Mosfell sést vel frá Þjóðvegnum þegar keyrt er upp Grímsnesið (veg nr. 35). Gangan byrjar við kirkjustaðinn Mosfell og farið er slóðann sem er fyrir ofan/aftan við kirkjuna. Slóðinn liggur upp Bótaskarðið en það er aðeins á fótinn. Þaðan er stikuð leið að póstkassa. Af toppnum er víðsýnt, til dæmis má horfa yfir til Skálholtskirkju og upp til Laugarvatnsfjallanna.</p> | <p>Mosfell er landnámsjörð Ketilbjarnar gamla sem nam Grímsnesið. Sagan segir að hann hafi átt ógrynni silfurs og viljað koma því á öruggan stað svo hann lét þræla sína tvo, Haka og Bót grafa silfrið. Eftir að þeir grófu silfrið drap hann þá báða, Haka í Hakaskarði og Bót í Bótaskarði svo enginn yrði til frásagnar um hvar silfrið mikla væri að finna.</p> |  |
| <p>Mosfell Heildarvegalengd: 1.6 km Byrjað í 100 m hæð, 150 m hækkun Skemmtileg leið en örlítið bratt upp Bótaskarðið.</p> | <p>Keyrt er upp Hrunamannahrepp, eftir vegi nr. 30 og beygt heim að bænum Fossi, ofarlega í hreppnum. Þar er afleggjari að eyðibýlinu Jötu (á hægri hönd). Komið er að upplýsingaskilti og þar hefst gangan fram Skipholtsfjall eftir merktri leið að byrginu sem fellur vel inn í landslagið. Póstkassinn er áberandi og er nálægt byrginu. Fyrir þá sem vilja er hægt að ganga áfram fram í Kirkjuskarð eftir gömlum fjárgötum.</p> | <p>Fjall-Eyvindur er frægasti útilegumaður Íslands og fæddist í Hlíð í Hrunamannahreppi. Hann hafði mikið verkvit og hlóð upp byrgi, vörður og kofa sem þóttu listaverk. Byrgið í Skipholtsfjalli er lítið og nettur búrskápur sem talið er að Fjalla-Eyvindur hafi hlaðið. Þar á Jón bróðir hans í Skipholti að hafa skilið eftir vistir fyrir hann.</p> |  |
| <p>Byrgið í Skipholtsfjalli Heildarvegalengd tæpir 6 km. Byrjað í 200 m, 40 m hækkun. Ekki bratt á fótinn Létt ganga (2-3 klst)</p> | | | |

| | | | |
|--|---|--|---|
|  | <p>Ekið er upp Biskupstungur og framhjá Gullfossi og haldið áfram inn á Kjalveg F35. Malbikað er langleiðina inneftir en síðustu 10 km er malarvegur. Eftir að keyrt er yfir Grjótá þá er keyrt upp Bláfellshálsinn. Þegar upp er komið má finna útskot/gömul náma á hægri hönd. Þar er gott að leggja og er þaðan stikuð leið er að fjallinu. Nokkuð greiðfært er á fjallið en bratt til að byrja með og nokkuð grýtt þegar upp er komið. Þetta er nokkuð krefjandi ganga. Póstkassinn stendur við mastrið á hátindi fjallsins og þaðan er stórglæsilegt útsýni.</p> | <p>Bergþór var bergísi sem bjó í helli í Bláfelli. Kona hans hét Hrefna. Bergþór gjörði mönnum ekki mein er ekki var gjört á hans hlut. Hann þótti forspár og margvís. Þegar landið kristnaðist leiddist Hrefnu og flutti sig norður yfir Hvítá í Hrefnubúðir. Bergþór sóttist eftir því að fá legstað í Haukadal og hét bóndanum þar launum. Fjárjóður Bergþórs er sagður vera í Bláfellinu en hefur aldrei fundist. Leiði Bergþórs í Bláfelli er utan kirkjugarðs við Haukadalskirkju. Margar fleiri sögur eru til af Bergþóri í Bláfelli.</p> |  |
| <p>Bláfell Heildarvegalengd: 8km Byrjað er 580 m hæð, 620 m hækkun Þessi gönguleið er fyrir fólk sem vill fá aðeins meiri hreyfingu og fara í dagsferð. Krefjandi leið og er rétt að áætla sér 4-5 klst .</p> | | | |

Ábendingar má senda á heilsueflandi@gogg.is Einnig má finna meiri upplýsingar undir "Heilsueflandi Uppsveitir" á www.sveitir.is

Fella- og fjallgönguverkefnið er hluti af Heilsueflandi Uppsveitir sem er samstarfsverkefni sveitarfélaganna í uppsveitum Árnessýslu:

